

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 63/1990. **Samband íslenskra samvinnufélaga,
iðnaðardeild**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Andra hf.

(Pétur Guðmundarson hrl.).

Víxlar. Afsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1990 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 500.000 danskar krónur með tilgreindum ársvöxtum og dráttarvöxtum frá 19. júní 1985 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 18. nóvember 1988. Þá voru ekki liðnir fullir sex mánuðir, eins og í héraðsdómi greinir, frá því að dómur Hæstaréttar í hinu fyrra máli var kveðinn upp 19. maí sama ár og því vísað frá héraðsdómi.

Samkvæmt staðfestu endurriti afsagnargerðar var víxill sá, sem um ræðir í málinu, afsagður á skrifstofu lögbókanda í Lyngby 19. júní 1985 vegna greiðslufalls.

Yfirlýsing lögbókanda, dagsett 4. nóvember 1988, sem vitnað er til í héraðsdómi, er svohljóðandi:

„Undertegnede kan hermed bekræfte at ovennævnte vekselprotest er foretaget den 19/6 1985 på bopælen Fyrhøjvej 24, 2800 Lyngby, hvilket bl. a. understøttes af vort bogholderis optegnelser over vekselprotester, det må således bero på en beklagelig fejltagelse at protestdokumentet er udfærdiget som anført.“

Bókhaldsgagna þeirra, sem vitnað er til í yfirlýsingu þessari, var ekki aflað til framlagningar í málinu. Verður yfirlýsingin ein sér

ekki talin fullnægjandi sönnun þess, að umræddur víxill hafi verið afsagður með lögmætum hætti, sbr. tilvitnuð lagaákvæði í héraðs-dómi.

Með þessum athugasemdum og með vísan til forsendna héraðs-dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samband íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, greiði stefnda, Andra hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febrúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. nóvember 1988, af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, kt. 550269-4309, Glerárgötu 28, Akureyri, gegn Andra hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skuld skv. gjaldföllum vixli, að fjárhæð 500.000 danskar krónur, ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda, til vara, að stefnda verði gert skylt að greiða stefnanda 671.505 kr., til þrautavara, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.918.250 kr. Hann gerir þá kröfu, að í vara- og þrautavarakröfu verði dráttarvextir aðeins dæmdir frá 19. júní 1985 í samræmi við tilgreinda vaxtatöflu í stefnu til þingfestingardags, en falli niður frá og með þeim degi.

Í öllum kröfuliðum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ [...].

Málsástæður.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á vixli, að fjárhæð 500.000 danskar krónur, út gefnum af Haraldi Haraldssyni pr. stefnda, Andra hf., 5. september 1984 á hendur Ólafi Haraldssyni, Fyrhøjvej 24, 2800 Lyngby, Danmörku, og samþykktum af honum. Víxillinn sé framseldur eyðufram-

sali af útgefanda. Hvorki geti um útgáfustað né greiðslustað á víxlinum, og beri því skv. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 að líta á útgáfustað sem tilgreint heimili útgefanda, Ármúla 28, Reykjavík, en greiðslustað tilgreint heimili samþykkjanda, Fyrhøjvej 24, Lyngby í Danmörku. Gjaldldagi sé ekki tilgreindur á víxlinum, en hann hafi verið sýndur og afsagður af notario publico í Lyngby í Danmörku 19. júní 1985. Stefnanda hafi verið tilkynnt um afsögnina og hann krafinn um greiðslu með símskeyti 21. s. m., en þeim tilmælum hafi hann ekki sinnt.

Mál hafi verið höfðað út af sömu skuld með stefnu, út gefinni 3. apríl 1986 og þingfestri á bæjarþingi Reykjavíkur 22. apríl 1986. Það mál hafi verið hafið vegna útivistar stefnanda 21. maí 1986.

Með stefnu, út gefinni 27. maí 1986, hafi mál verið höfðað að nýju út af sömu skuld og þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 3. júní 1986. Ekki hafi þá verið sótt þing af hálfu stefnda, og hafi málið verið tekið til áritunar, og 20. júní 1986 hafi stefnan verið árituð um aðfararhæfi. Áritun þessari hafi verið áfrýjað af hálfu stefnda með áfrýjunarstefnu, út gefinni 18. september 1986 af hæstaréttarritara, og hafi málið verið þingfest 3. nóvember 1986. Málið hafi verið felld niður vegna útivistar stefnda með útivistardómi 1. apríl 1987. Stefnandi hafi skotið málinu til Hæstaréttar að nýju með stefnu, út gefinni 22. apríl 1987. Hinn 19. maí 1988 hafi verið upp kveðinn dómur í því máli, þar sem meiri hluti dómara felldi hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og vísaði málinu frá héraðsdómi, en í forsendum hæstaréttardómsins segi svo:

„Í áskorunarstefnu segir ranglega, að víxillinn sé út gefinn af stefnanda. Þar sem eigi var sótt þing í héraði af hálfu áfrýjanda, bar héraðsdómara vegna ranglýsingar þessarar að vísa málinu frá dómi ex officio með hliðsjón af því, að hér var um áskorunarmál að ræða, sbr. 2. gr. 12. gr. laga nr. 97/1978. Ber því að fella hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og vísa máli þessu frá héraðsdómi.“

Til hafi staðið að stefna málinu strax inn að nýju fyrir bæjarþing, en málsókn hafi dregist, þar sem talið hafi verið rétt að afla gagna frá Danmörku um sýningu og afsögn víxilsins.

Málsrök stefnda hafi verið þau fyrir Hæstarétti annars vegar, að ritaður hafi verið annar útgáfudagur á víxlinn en heimilt hafi verið gagnvart sér, en hins vegar, að á víxlinn hefði verið ritaður fyrirvari um tryggingu vegna sérstakra viðskipta. Þessu var og sé mótmælt af stefnanda, því að slíkar varnir komist ekki að í málinu gegn mótmælum stefnanda, sbr. XVII. kafla eml.

Stefnandi styður mál sitt því, að um sé að ræða víxilkrofu, reista á víxli, sem fullnægi formaskilyrðum víxillaga nr. 93/1933, og hafi víxillinn verið sýndur og afsagður með lögmatum hætti. Rétt sé að geta þess, að af hálfu

stefnda hafi verið á það bent fyrir Hæstarétti, að sýningar- og afsagnarvottorðið bæri ekki með sér, að gerðin hefði farið fram á heimili samþykkjanda víxilsins. Vegna þessa hafi verið aflað gagna, sbr. dskj. nr. 8, en eins og þar komi fram, staðfesti fulltrúi Lyngby-réttar, að gerðin hafi farið fram 19. júní 1985 á heimili samþykkjanda, og sé það m. a. stutt bókhaldsgögnun.

Stefnandi reisir kröfur sínar á ákvæðum víxillaga nr. 93/1933 og vísar til XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á þeirri málsástæðu, að greiðsluskjalið, dskj. nr. 3, fullnægi ekki formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933, 1. gr. Á greiðsluskjalinu sé hvorki getið um útgáfustað né greiðslustað. Í 3. mgr. 2. gr. víxillaga segi reyndar, að greiðslustaður sé, þegar svo standi á, sá staður, sem tilgreindur sé við nafn greiðanda, í þessu tilviki Fyrhøjvej 24, Lyngby, Danmörku. Þar sem hér sé um „sýningarvíxil“ að ræða, sbr. 34. gr. víxillaga, hefði átt að sýna víxilinn til greiðslu á heimili hlutaðeigandi skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 91. gr. víxillaga, sbr. 44. gr. laganna.

Afsagnargerðin var ekki framkvæmd í samræmi við tilvitnaðar laga-greinar. Afsagnargerðin hafi farið fram á skrifstofu notarii publici í Lyngby, en ekki á þeim stað, sem tilgreindur hafi verið við nafn hlutaðeigandi. Mótmælt sé lögmæti og gildi dómskjals nr. 8 um það, að mistök hafi orðið við skráningu afsagnarstaðar í nótaríalbók, sbr. 94. gr. víxillaga. Leggja beri eingöngu til grundvallar dskj. nr. 3 (sic í greinargerð, en hér mun væntanlega vera um ritvillu að ræða og hér eigi að standa nr. 4), þegar meta skuli gildi afsagnargerðarinnar. Yfirlýsing sú, sem fram komi í dskj. nr. 8, geti ekki talist hafa sönnunargildi skv. víxillögum. Hið eina, sem kynni að hnekkja dskj. nr. 4 (sic), sé staðfest endurrit úr nótaríalbók Lyngby. Slíkt staðfest endurrit hafi ekki verið lagt fram. Bókhaldsgögn embættis notarii publici í Lyngby hafi ekki lagagildi sem sönnun fyrir lögmæti afsagnargerðar. Dómskjal nr. 4 fullnægi ekki lagaskilyrðum, sbr. 93. gr. víxillaga. Í afsagnargerðinni er víxlinum hvorki lýst svo, að fullnægjandi sé, né tilgreint það, sem á hann er ritað. Tilvísun í afsagnargerðinni til viðfasts ljósrits af víxlinum teljist ekki fullnægja hinum skýlausu og afdráttarlausu lagaskilyrðum, sem fram komi í tilvitnaðri 93. gr. víxillaga. Sé greinin mikilvægt öryggisatriði um áreiðanleik skjals og efni þess. Sé afsagnargerðin sönnun um efni víxils.

Stefndi reisir sýknukröfu sína jafnframt á því, að krafan á hendur sér sé fallin niður vegna vangeymslu víxilsins. Víxillinn sé út gefinn í júnímánuði 1982, en það beri víxillinn með sér. Áritun sína á víxilinn, „frá júnímánuði 1982“, telji stefndi útgáfudag hans. Þar sem hér sé um að ræða sýningarvíxil, sbr. 34. gr. víxillaga, hafi víxillinn ekki verið réttilega sýndur. Afsögn víxilsins skv. 44. gr. víxillaga, sbr. 91. gr., sanni það.

Stefndi styður sýknukröfu sína einnig því, að víxillinn beri það með sér, að hann sé til tryggingar tilteknum viðskiptum, ekki almenn trygging fyrir heildarviðskiptum stefnanda og samþykkjanda, Ólafs, eins og stefnandi reyni að ná fram með málsókn sinni. Við útgáfu víxilsins í júnímánuði 1982 hafi verið tilgreint, að víxillinn væri til tryggingar „konsignationslager“ og síðari afgreiðslum inn á hann. Stefndi fullyrði, að viðskiptaskuldir Ólafs vegna þessa séu að fullu upp gerðar gagnvart stefnanda. Stefndi haldi því fram, að varnir vegna þessara viðskipta geti komist að í máli þessu, þar sem þeirra sé getið á víxlinum.

Í gögnum málsins komi berlega fram, að víxillinn sé út gefinn fyrir hinn tilgreinda útgáfudag í stefnu. Stefndi telji útgáfudaginn 5. september 1984 vera færðan inn á víxlinn í júnímánuði árið 1985 til að reyna að ná fram greiðslu á skuld Ólafs við stefnanda. Þar sem Ólafur hafi verið ógjaldfær, hafi stefnandi gripið til þess ráðs.

Vaðandi varakröfu sína byggir stefndi á því, að víxillinn hafi verið gefinn út hér á landi. Með hliðsjón af 80. gr. víxillaga skuli með farið eftir lögum þess lands, þar sem undir skylduna var gengið. Með vísan til þess, sem áður sé rakið, sé útgáfustaður víxilsins heimili útgefanda, í þessu tilviki Ármúli 28, Reykjavík. Fari því um hann að íslenskum lögum. Stefndi telji, að verði víxillinn talinn formlega gildur og varnir vegna lögskiptanna leiði ekki til sýknu, beri að miða skuldina við útgáfudag víxilsins í júnímánuði 1982, en þá hafi sölugengi danskrar krónu verið 1.34301 ísl. kr.

Í þrautavarakröfu sé því haldið fram í samræmi við 41. gr. víxillaga, að miða eigi fjárskuldbindinguna við gjalddaga, þ. e. a. s. sýningardag víxilsins 19. júní 1985, en þá hafi sölugengi danskrar krónu numið 3.8365 ísl. kr.

Um vaxtakröfu af fjárhæðum í vara- og þrautavarakröfu verði vaxtakrafa stefnanda tekin til greina, en lagaskilyrði til að dæma vexti eftir þingfestingardag skv. 11. gr. laga nr. 25/1987 sé ekki um að ræða, þar sem lagaákvæðið eigi ekki við um íslenskan gjaldmiðil.

Niðurstaða.

Eins og fram hefur komið, var máli þessu vísað frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 19. maí 1988. Mál var höfðað að nýju fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 8. desember 1988, rúmum sex mánuðum eftir frávisunardóm Hæstaréttar Íslands. Af hálfu stefnda er ekki miðað við ákvæði 11. gr. laga nr. 14/1905, og kemur ákvæði þetta því ekki til álita.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu víxil, sem hann reisir kröfur sínar á, og er víxillinn lögformlegur, sbr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 93/1933, og í samræmi við lýsingu stefnanda í stefnu. Gjaldalagi er ekki tilgreindur

á fram lögðum víxli, og skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933 telst slíkur víxill gjaldkræfur við sýningu.

Greiðslustaður er ekki tilgreindur á víxlinum, og skal þá sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, talinn vera greiðslustaður víxilsins, í þessu tilviki Fyrhøjvej 24, Lyngby, Danmörku, og skal þessi staður þá einnig vera talinn heimili greiðanda, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933. Þar ber einnig að sýna víxilinn til greiðslu, sbr. 91. gr. sömu laga.

Þar sem sýning víxilsins skyldi fram fara í Danmörku, sbr. það, sem áður er rakið, skal skv. 85. gr. laga nr. 93/1933 farið eftir dönskum lögum um form sýningar og sýningarfrest.

Ákvæði 3. mgr. 88. gr. danskra víxillaga er samhljóða ákvæði 91. gr. laga nr. 93/1933 um það, hvar beri að sýna víxil.

Sem sönnun þess, að umstefndur víxill hafi verið sýndur með lögmaeltum hætti, hefur stefnandi lagt fram vottorð lögbókanda í Lyngby um afsögn víxilsins. Í vottorði þessu kemur fram, að víxillinn var afsagður á skrifstofu lögbókanda í Lyngby 19. júní 1985.

Þá hefur stefnandi jafnframt lagt fram bréf lögfræðifirmans Saltorp, Hald & Andersen til réttarins í Lyngby, en á bréfið hefur lögbókandi sá, sem afsagnargerðina annaðist, ritað yfirlýsingu þess efnis, að afsögnin hafi farið fram að Fyrhøjvej 24, Lyngby, og að um mistök hafi verið að ræða við ritun afsagnargerðarinnar.

Við aðalflutning málsins mótmælti lögmaður stefnda því, að skjal þetta, sem er á dönsku, væri lagt fram án þýðingar, en lögmaður stefnanda mótmælti athugasemdum lögmanns stefnda sem of seint fram komnum við aðalflutning. Fallast ber á, að mótmæli lögmanns stefnda hafi verið of seint fram komin við aðalflutning, enda verður að telja, að ekki komi að sök, þó að þýðing löggilts skjalabýðanda fylgi ekki með skjali þessu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936.

Telja verður fyrrgreinda misritun við afsagnargerð umrædds víxils svo stórvægileg mistök, að ekki verði úr þeim bætt með yfirlýsingu, sem síðar er aflað. Verður nefnd réttarathöfn lögbókanda í Lyngby því hvorki talin hafa réttarverkanir lögmaeltrar afsagnargerðar né sýningar til greiðslu. Telst stefnanda því ekki hafa tekist sönnun um það, að umræddur víxill hafi á lögmaeltan hátt verið sýndur innan þess frests, sem greinir í 1. mgr. 34. gr. danskra víxillaga og samhljóða er sömu grein í lögum nr. 93/1933. Hefur hann því glatað víxilrétti sínum á hendur útgefanda víxilsins, stefnda í máli þessu, sbr. 53. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í víxilmáli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Andri hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sambands íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeildar, í víxilmáli þessu.

Stefnandi, Samband íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, greiði stefnda, Andra hf., 100.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
